

Lífgeislar

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur

1. tbl Mai 1975



Samhugur um hið rétta og göfuga er nauðsynlegur til sambands
við góða staði.

Helgi Pjeturss.

Andromedubokan **(SJÁ FORSÍÐUMYND)**

Nafnið „Andromeda“ er vel þekkt meðal þeirra er himininn skoða á heiðskírum kvöldum, ekki eingöngu vegna þess, að það er fagurt og áberandi stjörnumerki, heldur einkum vegna þess að innan þess er að finna einu þyrilþokuna á norðurhveli himins, sem unnt er að sjá berum augum.

Andromedubokan, M 31, er sjálftæð vetrarbraut í tveggja milljón ljósára fjarlægð. (Sumir stjörnufræðingar telja hana þó vera í enn meiri fjarlægð). Hún er talin mjög lík okkar eigin vetrarbraut að allri byggingu, en tvöfalt stærri. Hún er um 120.000 ljósár í þvermál, og áltið er að í henni séu um 200 þúsund milljón sólstjörnur. Á myndinni má sjá tvo bjarta bletti í námunda við Andrómedubokuna. Petta eru tvær litlar vetrarbrautir eða sólnasöfn sem fylgja Andromedu, og eru tengdar henni með aðdráttaraflí.

Vegna nálægðar Andrómedubokunnar hefur stjörnufræðingum tekist að skoða hana og rannsaka flestum öðrum vetrarbrautum betur. Í sterkum stjörnusjám leysisit þokan upp í ótölulegan fjölda bjartra sólна, sem haga sér að flestu leyti líkt og sólir okkar eigin vetrarbrautar. Parna eru t.d. breytilegar stjörnur (Sefeidur) og nótur hafa komið í ljós við og við.

Vetrarbrautir eru eins og stórar eyjar í endalausu alheimsrúminu. Þær eru á ferð og flugi eins og allt annað í geimnum, og þær eru tengdar aðdráttaraflí hver annarrar, og mynda vetrarbrauthópa þar sem tugir, hundruð og jafnvel þúsundir vetrarbrauta fylgjast að á ferð sinni um geiminn og ganga um sameiginlega þunga-miðju.

Svo furðulegur sem alheimurinn er með stjörnum sínum og vetrarbrautum, hlýtur hann þó að verða í hugum okkar jarðarbúa, ennþá miklu furðulegri, ef við reynum að setja okkur fyrir sjónir, að alls staðar í þessum mikla stjörnugeimi hlýtur að þróast líf í líkingu við það sem við jarðarbúar þekkjum, og víða þúsundum sinnum fullkomnara, og að allt þetta líf mun hafa samband sín á milli, og þeim mun fullkomnara samband sem þroski er meiri. Hlýtur þá ekki að vakna hjá okkur sú löngun að reyna að bæta svo móttökuskilyrði á okkar jörð að takast mættu sem nánust lífsambönd við fullkomnari verur annars staðar í alheimi?

Ingvar Agnarsson.

Lífgeislar

Með uppgötvun lífgeislans má óhætt segja að dr. Helgi Pjeturss hafi skapað ný vísindi, sem verða munu mannkyni öllu til hinnar mestu farseldar, ef þegin verða.

Meira en 50 ár eru nú liðin frá birtingu þessarar merku uppgötvunar, og því tími til kominn, að farið verði í alvöru að veita henni athygli og hagnýta hana. Um þetta segir dr. Helgi svo:

„Hin nýju vísindi munu fá mönnunum yfirráð yfir orkutegundum, sem mjög mörgum sinnum mikilvirkari, fjölvirkari og furðuvirkari verða en jafnvel bið furðulega rafmagn.“

(Nýall 1922, bls. 323.)

Lífgeislun stafar frá hverjum lifandi einstaklingi, og leitar sambands við hvern lifandi einstakling. Geislan frá einum einstaklingi leitast við að setja sinn snúð á alla aðra einstaklinga.

„Frá manninum geislar magn, sem kalla má lífmagn og vitmagn. Og það hagar sér líkt og rafmagn. Og líf- og vitgeislan eins likama, getur framleitt sig aftur, inducerast í öðrum likönum.“

(Nýall, 1922, bls. 307.)

Því þroskaðri og samstilltari sem einstaklingarnir eru, því æðri orkutegundum geta þeir tekið á móti, og því betur geta þeir magnast af hinni aðsendu orku.

Stig lífgeislunarinnar eru óéndanleg og stafa frá lífverum á óendanlega fjölbreyttu þroskastigi, allt frá hinum örsmáa fyrstlingi til hinna fullkomnu alsamstilltu vera (hyperzoon) sem byggja sumar aðrar stjörnur og aðrar vetrarbrautir.

„Hér á Íslandi hefur það skilist fyrst, að saga mannkynsins er þáttur í stjörnulífræði, saga lífsins á jörðu hér, þáttur í sögu alls heimsins. Á jörðu hér er lífað af öðru lífi og til annars lífs og í sambandi við líf í öðrum stöðum.“

(Nýall, 1922, bls. 321.)

Að skilja sambandseðli lífsins er fyrsta skrefið til að koma mál-efnum jarðar okkar í rétt horf, því án þessa skilnings verður ekki unt að veita viðtöku þeim æðri orkutegundum lífgeislunar, sem gera kleift að breyta um frá rangstefnu til réttstefnu á jörðu okkar.

„Sannleikurinn mun gera yður frjálsa,“ segir í bibliunni.

Helgi Pjeturss segir: „Það er af því að menn meta of lítils anda sannleikans, sem ennþá er verið á leið hinnar vaxandi þjánингar.“

(Nýall, 1922, bls. 328.)

Helgi Pjeturss taldi það sérstakt hlutverk hinnar íslensku þjóðar að koma þessum nýja sannleika um sambandseðli lífsins á framfæri um allan heim, svo að takast mætti að bæta svo lífsamböndin við lengra komin mannkyn annars staðar í alheimi að nægja mætti til björgunar mannkyni jarðar okkar, sem svo illa er á vegi statt.

„Að koma framsókn mannkynsins í hið rétta horf, það er blutverk íslensku þjóðarinnar.“

(Nýall, 1922, bls. 439.)

Nýalssinnar vilja leggja sitt af mörkum til að stuðla að þessari framsókn mannkynsins í rétta átt.

Hinir lengra komnu íbúar annarra hnatta senda hingað stöðugt lífgeislaorku til að bæta ástand jarðar okkar, og áríðandi er að sem flestir séu þar með en ekki móti.

Ingvar Agnarsson.

Erindi

Helstefna í listum

I.

Eitt af því sem einkennir listsköpun okkar tíma er fjarstæðukenndur tjáningarmáti. Kemur þetta fram í ljóðagerð og bókmennntum, í æsandi tónlist og ekki síst í málara- og myndhöggvara-list.

Mér virðist að ýmislegt í þessari svokölluðu list miði beinlínis að mengun hugarfars og spilli heilbrigðu lífsviðhorfi manna. Af íslenskum málurum mætti nefna (sem dæmi Alfreð Flóka) sem fulltrúa þessa óhugnaðar, og af erlendum mönnum er Salvador Dali, surrealisti, meðal hinna kunnustu á þessu svíði.

Svo virðist sem sumir þessara manna séu haldnir ákaflega neikvæðri afstöðu til lífsins. Í Lesbók Morgunblaðsins 26. janúar, 1975 er viðtal við Salvador Dali, þar sem hið neikvæða lífsviðhorf hans kemur vel í ljós. Hann segir m.a.:

„Fyrir langa löngu ól ég með mér talsverða morðhneigð. Eitt sinn langaði mig ákaflega að myrða stúlkuna, ég ætlaði að henda henni niður í gjá.“

„Mér þykir ávallt gaman þegar styrjaldir, jarðskjálftar eða flóð geisa. Ég haga mér ævinlega óaðfinnanlega. Ég sendi fórnarlömbunum fé. En mér finnst skítur til þess koma, ef flóðin réna eða jarðskjálftunum linnir. Ég vildi að þau héldu áfram og fórnarlömbunum fjölgðaði. Mér hundleiðist, þegar ekki eru einu sinni smáskærur neins staðar.“

„Mér þykir gaman að því, ef aðrir lenda í hörmungum, en sjálfur reyni ég alltaf strax að komast undan á öruggan stað. Minna get ég ekki gert fyrir sjálfan mig. Ég er svo sjálfselskur. En frétti ég af atburðum eins og í Hiroshima, til dæmis, þegar ég sit sjálfur í Meurice hótelinu og gæði mér á ostrum, þá bragðast ostrurnar langtum betur fyrir viðið.“

Petta segir hinn kunni og af mörgum dáði myndlistarmaður, sem

í „ofraunsæi“ sínu afskræmir tilveruna í myndum sínum.

Til munu vera fleiri en Salvador Dali, sem finna til eins konar nautnar þegar þeir heyra um hörmungar er yfir ganga Eru þetta áhrif frá illum stöðum annarra hnatta, og sýnir vel hversu afarsterk þessi áhrif eru þaðan og hve móttækilegit menn eru orðnir fyrir slíkum áhrifum, en í því er einmitt fólgin hin mesta hætta fyrir mannkyn okkar að verða um of á valdi áhrifa frá vítum annarra hnatta.

Sönn list í orðum, tónum og myndum virðist vera á hraðri niðurleid. Æ fleiri leggja stund á hin neikvæðu tjáningarförm þessara listgreina. Umhverfing nokkurs konar er það sem hér á sér stað.

II.

Öll sönn listsþöpun á uppruna sinn hjá lengra komnum íbúum annarra hnatta. Um aldir hafa fremstu listamenn jarðar okkar haft sambönd við listamenn annarra hnatta, þar sem list hefur staðið á mjög háu stigi. Vegna slíkra fjarsambanda hefur listamönum okkar stundum tekist að skapa ódauðleg listaverk, sem staðið hafa af sér alla storma og strauma í listastefnum aldanna. Engin þjóð hefur enn komist fram úr Grikkjum hinum fornu í ódauðlegri listsþöpun. Um það bera vitni þær höggmyndir, sem varðveisit hafa fram á okkar daga og þær rústir eða menjar fagurra bygginga, sem enn standa. Öldufaldur listrænnar sköpunar og frjórrar vísindalegrar hugsunar reis hér herra en áður hafði gerst eða síðar gerðist um margra alda skeið. Hin guðlega viðleitni á að hefja mannkyn okkar á herra stig, næði hér meiri tökum en áður hafði getað orðið.

A síðari öldum og áratugum hefur á ný orðið mikil gróska í andlegu lífi meðal ýmissa þjóða. Listir hafa blómgað og stórsnillingar hafa komið fram sem lyftu listinni í átt til guðanna. Og þetta gerðist á öllum sviðum lista; í tónlist, skáldskap, höggmvndalist, málaralist.

III.

En hvert stefnir nú í listum? Hefur hinni guðlegu stefnu verið haldið? Hafa listir síðari ára þokast í átt til æðri fullkomnum? Eða hefur hér orðið breyting á?

Ég held, að engum leynist að orðið hafa stórkostlegar breytingar til hins verra. Margt það, sem nú er kallað list, ber ótvírað merki ljótleika og hryllings, og miðar til spillingar hugarfars þeirra sem slíkrar listar eiga að njóta.

Dæmi. a: Hljómleikar eru víða haldnir með slíkum ódæmum, að áheyrendur bókstaflega tryllast, og eru lengi að ná aftur sínu rétta eðli.

b: Hryllingskvíkmyndir eru sýndar, sumar svo magnaðar að óhugnaði, að líður yfir fjölda fólks, svo að það býður bess jafnvel seint bætur. (Myndin Exorcist sem dæmi).

c: Sama er að segja um málverk og myndir sumra málara. Þær sjálfur ljótleikinn og óhugnaðurinn uppmálaður, á sem áhrifarákastan hátt. (Alfreð Flóki).

Hvað veldur þessari breytingu á flestum sviðum lista? Hinrar guðlegu verur annars staðar í heimi leitast stöðugt við að fá fá mannkynið í átt til sín, gera það sér líkara í allri hugsun og öllu innsæi. Listamenn hverskonar eru öðrum næmari fyrir æðri áhrifum og æðri innblaestri. Fyrir áhrif frá hinum lengra komnu hafa skapast hér á jörðu hin ódauglegu listaverk allra alda.

En ef nú rofnar hið guðlega samband listamannsins við æðri verur, hlýtur í staðinn að koma samband við verri tilverustig annarra hnatta, og við þau lífsviðhorf, sem þar eru ríkjandi. Í vítum annarra hnatta munu einnig starfa eins konar „listamenn“ sem framleiða tóna, myndir og setningar úr orðum. En það sem þessir „listamenn“ gera, er lítið í aett við sanna list, heldur er hér um að ræða algjöra andstæðu listar, (því ekki getur talist list, nema hún sé fögur og göfgandi).

„Listsköpun“ í vítum annarra hnatta mun miða að því mest, að skapa ljótleika og óhugnað, og spilla sem mest má verða sugarfari þeirra, sem þar hafast við.

Mér þykir líklegt að hinir neikvæðu „listamenn“ jarðar okkar, séu í meira eða minna fjarsambandi við starfsbræður sína og skoðanabrabräður í þessum illu stöðum annarra hnatta. Þaðan berast þeim hin spillandi áhrif og þaðan koma þeim hugmyndir og fyrirmyn dir um það, hvernig þeir geti mótað verk sín sem mest í vítisátt, og náð á þann hátt sem mestum áhrifum á áheyrendur sína og áhorfendur og spillt sem mest sugarfari þeirra.

Svo virðist einnig sem mjög margt í skemmtiiðnaði nútímans miði beinlínis í vítisátt. Þess skemmtiiðnaður er yfirleitt kenndur við list, en á lítið sammerkt við sanna list, sem ætíð hlítur að miða til göfgunar sugarfars og til samstillingar við æðri lífstöðvar.

Hin neikvæða nútímalist miðar beinlínis að því, að skapa þeim sem hennar njóta sambönd við illar verur í vítum annarra hnatta. Helstefna í listum hefur náð hér allt of sterkum tökum, og þyrfti

hér sem fyrst að geta orðið breyting á, eins og á svo mörgum sviðum öðrum.

IV.

Þegar farið er fram hjá því marki sem að er stefnt, með framþróun mannsins í átt til guðanna verður andlegt hrún einskonar útsog, eins og svo oft hefur sýnt sig í sögu þjóðanna. Pannig virðist haga til nú í heimi okkar, á ýmsum sviðum, þótt margt stefni raunar í rétta átt.

Hér þarf áreiðanlega að breyta um stefnu. Taka verður upp nánari sambönd við lengra komnar, guðlegar verur, annars staðar í heimi sem bíða þess, að við jarðarbúar vitkumst svo, að við getum þegið þá hjálp, sem þær vilja svo fúslega veita. Sem flestir þurfa að skilja eðli hins mikla sambands alls sem lifir í alheimi, skilja að aðeins frá hinum æðri lífstöðvum er hjálpar að vænta sem duga mun til að breyta hér um stefnu.

Ef mannlynjar jarðar okkar á að bjargast úr þeim ógöngum sem yfir vofa, verður lífstefnan að sigra.

Ekkert minna en gjörbreyting til batnaðar í sambandsmálum getur orðið til bjargar.

V.

Frá því kenningar dr. Helga Pjeturss komu fyrst fram, hefur mörgum skilist nauðsyn þess, að breytt yrði um stefnu.

Félag Nýalssinna var stofnað (1950) í þeim tilgangi að verða hér að liði og hefur reynt að halda þeirri stefnu æ síðan og reynt að kynna kenningar dr. Helga Pjeturss meðal almennings og að vinna að bættum samböndum við lengra komna vini með miðilsfundum og á annan hátt.

Hefur þar heldur þokast í átt, þótt hægt hafi farið. En nú snýr svo ört á ógæfuhlið í heimi okkar, að hægfara þróun í skilningsátt mundi varla duga, ef snúið á að verða til réttrar áttar. Hröð umskipti þurfa að geta átt sér stað. Og það er alls ekki ómögulegt að slíkt geti orðið áður en á löngu líður. En til þess þurfa allir, sem skilning hafa á sambandinu við æðra líf annars staðar í heimi, að leggja sig fram, miklu meira en enn er orðið, um að efla vináttu og samstillingu á því sviði, sem áhrif hvers og eins geta náð til.

Ingvar Agnarsson.

Erindi flutt á samkomu í Kristalsal í Hótel Loftleiðum 18. febrúar 1975.

Fuglar og fjarhrif

Vísindamenn eru oft mjög tortrygganir gagnvart nýjungum, sem þeir geta ekki í fljótu bragði heimfært upp á fyrri þekkingu eða krefst útvíkkunar sjóndeildarhrings þeirra. Á ég hér ekki hvað síst við allt það, sem minnir á dulrænu eða eitthvað þ. u. l. Slíkum óþægindum er gjarnan stungið undir stól og eru þeir fáu vísindamenn, sem þor hafa til að rannsaka slíka hluti, oft úthrópaðir sem kuklarar eða eitthvað ámóta traustvekjandi karakter. Andstaðan gegn þessu „kukli“ hefur þó dofnat eitthvað, síðan fyrirburðafræðinni (parasálfræðinni) fór að vaxa fiskur um hrygg. Þessi neikvæða afstaða ýmissa vísindamanna gagnvart fyrrnefndum hlutum er að vissu marki skiljanleg, þar eð hún mun í aðra röndina stafa af hræðslu þeirra við, að ýmiss konar trúar- og dulspeksjónarmið kunni að laumast inn í herbúðir vísindanna, sé ekki vakað nægilega vel á verðinum. Að öðru leyti er hér um að ræða stöðnum — einhvers konar „andlega tregðu“, sem svo lengi hefur hrjáð mannkyn. Mætti hugsanlega ganga svo langt að segja, að erfíðara sé að fá menn til að veita nýjum hugsunum jákvæða athygli en að hugsa þær fyrstur, eins og t. d. hinn hugmyndaríki Giordano Bruno fékk svo vel að finna fyrir, þá er eldtungurnar sleiktu hann á bálkestinum í Feneyjum. Sem betur fer er nýjum og djörfum hugmyndum (þ. e. vísindalegum) þó ekki lengur mætt með eldi og ofskiptaleysi, þótt illt sé það líka að vísu.

Pví fer fjarri, að búið sé að leysa allar ráðgátur tilverunnar, svo sem kunnugt er. Hér og hvar innan hinna ýmsu vísindagreina, t. d. líffræði og sálarfræði, virðist vera komið að blindgötum, sé einungis tekið mið af hinum „klassísku“ forsendum þessara greina. Mætti þó oft reyna nýjar leiðir til að nálgast lausnirnar, væri fyrrnefnd tregða til að taka tillit til nýrra hugmynda ekki svo almenn, sem raun er á. Ætla ég að ræða hér lítillega um eitt atríði, sem e. t. v. mætti varpa nýju ljósi á með aðstoð nýrra hugmynda: ratvísí fugla.

Mönnum hefur lengi verið hin furðulega ratvísí fugla mesta ráðgáta. Að einhverju leyti hefur tekist að útskýra ratvísí vissra farfugla — hefur t. d. kamið í ljós, að sumir þeirra virðast styðjast við stjörnur himinsins á ferðalögum sínum. En slíkar skýringar

nægja alls ekki í öllum tilfellum, og hafa ýmsar hugmyndir, sem allar virðast ófullnægjandi, verið settar fram til útskýringar (koma sumar þeirra all-undarlega fyrir, eins og t. d. Retracement-kenningin, en skv. henni geymir farfuglinn í minni sér hverja einustu hreyfingu sína í fyrsta ferðalaginu og rifjar þær síðan upp og endurtekur í bakaleiðinni og kemst þannig til upphaflega staðarins. Parna er ekki gefin nein skýring á því, hvaðan fuglinum kom þekkingin í upphafi — og hvað með t. d. vindu, sem blása kunna á *annarri* leiðinni og rugla þannig allt sístemið?).

Ýmis atriði varðandi ratvísí fugla virðast sem sé óútskýranleg, og ekki verður betur séð, en vísindin séu þarna komin á blindgötu, nema reynt verði að troða nýjar slóðir varðandi athuganir á fyrirbæri þessu.

Hér er eitt af mörgum óútskýrðum dæmum um ratvísí fugla (bein tilvitnun í „The Life of Birds“, bls. 476):

„Kvenfugl af tegundinni *Progne Subis* var tekinn úr hreiðri sínu, sem í voru ungar, í Norður-Michigan og fluttur til Ann Arbor, í 375 km. fjarlægð og var fuglinum sleppt lausum þar kl. 10,40 að kvöldi. Næsta morgun kl. 7,15 var fuglinn kominn aftur í hreiður sitt. Pessa nótt var himinn algjörlega hulinn tvöföldu skýjalagi, svo að ólíklegt er að fuglinn hafi flogið eftir stjörnum.“

Ennfremur segir: „Verið getur það rétt, eins og sumir halda fram að fuglar geti átt að sig eftir stjörnum, en sé himinn skýjaður, taki þeir mið af vindum eða landslagi. En slíkt kemur að harla litlu haldi, nema fuglinn viti hvar hann er staddir, áður en hann leggur af stað. Þegar fuglinn er fluttur í algjörlega lokuðu iláti til ókunnungs staðar og honum sleppt lausum, þegar himinn er alskýjaður, eða að nóttu til, er erfitt að sjá hvernig fuglinn getur vitað hvar hann er staðsettur, þannig að hann geti, jafnvel fyrir tilstilli meðfæddra eiginleika, vitað í hvaða átt hann á að halda til að komast heim. Margir fuglar, sem notaðir eru við slíkar tilraunir, koma ekki til baka í hreiður sitt, en sumir gera það, og þetta er ekki hægt að útskýra sem eina saman tilviljun.“

Athugum nú nánar, hvaða hugsanlegar skýringar gætu verið á þessari stórfurðulegu ratvísí. Þann möguleika, að fuglinn hafi komist heim í hreiðrið algjörlega vegna eigin ratvísí er strax hægt að útiloka, þar eð fuglinn hefur *ekkert* til að styðjast við. Annar möguleiki er tilviljun ,en hann er svo óéandanlega lítill, að a. m. k. flestir munu telja óhætt að útiloka hann með öllu.

Priðja hugsanlega skýringin og sú, sem ætlunin er að gera að aðal-

umræðuefni hér krefst þess, að skyggst sé út fyrir svið þess, sem nefna mætti „hefðbundna“ líffræði. Þessi hugsanlega skýring felst í því, sem í heild mætti kalla fjarhrif.

Lengi hafa fræðimenn innan hinna rótgrónu greina líffræðinnar litið alla slíka hluti hornaugu. En nú í seinni tið hefur tölverð breyting orðið hér á. Síaukin áhersla hefur verið lögð á að rannsaka fyrirbæri, eins og hugsamband. PK (psycokinesis (með „hugarorku“)) o. fl. því um líkt.

Segja má, að endanlega sé búið að sanna, að hugsamband eigi sér stað manna á milli með geypiumfangsmiklum rannsóknum, þar sem m. a. E.E.G. hefur verið notað með góðum árangri. Petta atriði hefur einnig verið rannsakað nokkuð m. t. t. dýra.

Snúum okkur þá aftur að fuglunum. Er útilokað, að ratvísí fugla geti að einhverju leyti stafað af einhvers konar fjarhrifum — á milli fugla ákveðinna tegunda innbyrðis eða jafnvel á víðtækari máta, svipað og dr. H.P. gat sér til?

Er ekki hugsanlegt, að fuglinn, sem minnst var á í dæminu hér að framan, hafi stuðst við einhvers konar fjarhrif frá t.d. ungunum í hreiðrinu?

Petta er atriði, sem hægt ætti að vera að skera úr um með beinum athugunum. T.d. mætti færa bæði ungana og fuglinn úr hreiðrinu og athuga, hvort fuglinn hefði frekar tilhneitingu til að ramba á hreiðrið eða ungana. Og að sjálfsögðu að bera saman hliðstæða ratvísí og minnst er á í dæminu hjá fuglum fyrir og eftir varp. Ýmsar aðferðir mætti sjálfsagt nota.

Ef til vill þætti sumum freistandi að útskýra ratvísí fugla með „Biological Radar“ (sbr. „Biol. Clock“) eða einhverju því um líku. En sé slíkur „Biol. Radar“ til, tel ég uppgötvun hans engu ómerkari en fjarhrif, og væri sjálfsagt að hafa allt slíkt í huga, yrðu einhverjar tilraunir gerðar í fyrrnefnda veru.

Helstu heimildir:

1. Helgi Pjeturss.: Nýall. Fél. Nýalssinna, R.vík, 1955.
2. Ostrander, Sheila & Schroeder, Lynn: *Psychic Discoveries Behind the Iron Curtain*, Abacus, London, 1973.
3. Welty, C.J.: *The Life of Birds*, Constable & Co, Ltd., London, 1964.

Ólafur Halldórsson, líffræðingur.

*Erindi flutt á samkomu í Hótel Loftleiðum
18. febrúar 1975.*

Greinar

Skilningur à þróun lífsins

„Áunnir eiginleikar ganga aldrei að erfðum,“ stóð feitletrað í dagblaði einu fyrir nokkru, og ber víst að skilja það svo, að það sem fram kemur við lifandi fjölfrumung, hafi ekki áhrif á hverja eina frumu hans eða festist þar a. m. k. ekki. Gegnum þykkt og þunnt hefir erfðafræðingum virst, að erfðastofnanir væru æ hinir sömu kynslóð eftir kynslóð, og að lífsþróunin muni því ekki hafa orðið á þann hátt, sem mér skilst, að Lamark hafi hugsað sér. Menn hafa með öðrum orðum nú um alllangt skeið látið sér skiljast, að þessar frumur, sem ættgengið bera frá kyni til kyns, séu algjörlega án hæfileikans til að nema nokkuð og muna af sögu fjölfrumungsins, sem þær tilheyra, og hefi ég þó séð getið um óvífengjanlega niðurstöðu, sem komist var fyrst að fyrir rúmlega áratug og mér virðist benda til hins gagnstæða. Var þar um að ræða tilraunir á mjög lágri og ófullkominni líftegund, sem ég hefi séð nefnda flatorma, og ekki reyndist þó svo ófullkominn að geta alls ekki munað. Og það merkilegasta, sem í ljós kom þarna, var á þá leið, að *frumur* þessara lífvera reyndust einnig hafa þennan eiginleika að geta munað. Minningar flatormsins reyndust geta borist með flatormsfrumum frá einum flatormi til annars, og get ég ekki betur séð en að það hafi þegar veiklað fullyrðinguna, sem ég vitnaði til hér í upphafi. Það sem fram var látið koma við fjölfrumung, sem að vísu var af allra lægstu og einföldstu tegund, festist ekki einungis í hinu ófullkumna minni hans sjálfs, heldur einnig í frumum þeim, sem hann var byggður af, og virðist þarna því geta legið opin leið til þess, að sá lærðómur hans geti borist til afkomenda og orðið þar með nokkrum hætti áunninn eiginleiki. Eða með öðrum orðum, mér þykir sem hér opnist leið til framgangs þess skilnings míns á þróun lífsins, sem mér svo lengi hefur fundist að hlyti í aðalatriðum að vera hinn rétti, sá skilningur, að þróunin hafi orðið fyrir nám eða minningasöfnun, eins og óneitanlega virðist líka liggja geymt

í erfðastofnunum. Eða hvað getur það verið annað en *minningar*, sem berst með þeim frá kyni til kyns, þetta, sem nefnt hefur verið ættgengi?

„Pýðing hins marga“ heitir grein, (samtal), eftir mig, sem birtist í Félagsblaði Nýalssinna fyrir nokkrum árum, og er þar vikið að nauðsyn þess, að lifendurnir séu svo margir og líkir, sem raun ber vitni, þegar horft er á stórar breiður sömu blómategunda, lóuhópa á hausti og anað slíkt. Styrkur lífsins og öryggi skildist mér að væri í þessu falinn. En styrkur lífsins er einnig falinn í því, að þróun þess miði ekki of hratt fram. Tornæmi tegundanna eða íhaldsemi er þannig öryggisráðstöfun, og hefir mér satt að segja ekki skilist þetta fyrr en nú. En einnig það, að þróunin sé í aðalatriðum áunnin en ekki tilordin fyrir ósögulega eða rakalaus stökk, er öryggisnauðsyn. Á annan hátt en þann að byggjast upp hægt og seinlega af sögu sinni, gat bygging lífsins ekki orðið traust á þann hátt, sem ættgengið sýnir. — Mér er það fyrir löngu ljóst orðið, að minningar eru uppistaða vitundarinnar hjá hverjum einum. Og hví skyldi þá ekki lífið vera byggt af hinu sama og á tilsvarandi hátt?

Það var að sjálfsögðu ekki nema samkvæmt allri reynslu manna áður fyrr, að halda því fram, að stjörnur þær, sem menn nú vita að eru sólir hraðsvífandi um geiminn, væru óumbreytanlegar í afstöðu sinni hyer til annarrar og að rétt væri því að kalla þær fastastjörnur, eins og reyndar enn er gert. Á mannsaldri og reyndar þó aldir liðu virtist þar ekki vera um neinar breytingar að ræða, og má því segja, að skilningstregðan gagnvart kenningu Brúnos hafi verið skiljanleg. Og þó stafaði hún ekki af öðru en því, að menn gerðu sér ekki nógu vel grein fyrir mikilleik stjörnugeimsins og þeim órafjarlægðum, sem þar er um að ræða. Og nokkuð líkt þessu hefir mér fundist, að mönnum hafi nú um skeið farið varðandi áunna þróun lífsins. Mér þykir sem menn hafi þar ekki gert sér nægjanlega grein fyrir því, hve skammt reynsla þeirra og athuganir ná í þeim efnum samanborið við hina óralöngu lífsögu. Mér þykir sem menn hafi þar ekki gert sér nægilega ljóst, að þrátt fyrir tornæmi líftekundanna séu þær ekki alveg án nokkurs námshæfileika og að þrátt fyrir allt muni það vera þeim hæfileika að þakka, að þróun hefur þar átt sér stað.

Porsteinn Jónsson á Úlfssstöðum

Að senda skeyti

Áðan varð mér litið til Karlsvagnsins þar sem hann blasti við mér í annarri afstöðu en þeirri sem mér er tamast að hugsa mér hann — því að hann sneri stönginni niður, en ekki til hliðar, eins og hann þarf helst að gera til þess að minna á vagn. Og einmitt af því, að afstaðan var önnur en ég vildi hafa hana, hreyfði hún meira við mér en ella, og mér fór að virðast geimurinn víður og hárr, svo sem hann raunverulega er.

Hver lífshræring geislar sér út, hvort sem hún er vituð eða óvituð, og alltaf er einhver viðtakandi. En stundum eru hræringarnar svo daufar, að þær nemast ekki, eða festast a. m. k. ekki í minni þess sem við tekur. Pannig er sambandið milli hinna ófullkomnu frumstöðva. Það dofnar og hjaðnar, um leið og það kvíknar, nær ekki meðvitundinni, sem það leitar til. En öðru máli gegnir þar sem komist er á framfaraleið.

Í hinum ófullkomnu stöðum eru þó alltaf einhverjar vakir — það rofnar til á milli, og þá kemur fyrir að hugurinn verður starfandi og næmur gagnvart því sem að honum snýr. Þá er maður á bestri þroskaleið, þegar hann þarf ekki að leita þess sem kemur „að handan“ nema að takmörkuðu leyti, heldur megnar að una því og unna, sem hér blasir við. Hin sanna fylling lífsins er að geta á réttan hátt fengist við það sem hér er bæði í skoðun og starfi, að láta sér ekki minna finnast um þennan hnött en hvern annarra, að finnast hann þess verður að vinna að lífgun hans og vitkun. Án þekkingar á sambandinu getur þetta ekki orðið. En þekking næst ekki með því einu að sökkva sér niður í sambandið, heldur með því að beita eigin, virkri hugsun að réttu takmarki.

Það er á þeim stundum þegar hugur manns verður á þennan hátt virkur, sem hann getur sent skeyti til annarra hnatta. Jörðin segir hreykin í þessum syni sínum eða dóttur: Svona er ég! Hvað jafnast á við mig! Þá sendir hún skeyti til annars hnattar, og sofandi maður þar verður draumþegi þess sem hér er að horfa á dimmblátt fjallavatn, blíðan daghimin eða fagurskapaðan líkama manns, konu eða barns. Og sólin er ljós þessa heims, sem jörðin er og sólhverfið, og þeir vita það á öðrum hnöttum að hún er til, því að þeir sjá hana sem fjarlæga stjörnu. Og svo eru nokkrir hér á jörð sem horfa til stjarnanna. Það eru þeir sem ég er að tala við, og þeir vita það um leið, að það á erindi við þá. Hvað sem þeir hugsa að öðru leyti, þá vita þeir að þetta er nauðsynjamál.

Við þurfum að senda skeyti til annars hnattar. Við sýnum þeim borgina við flóann, gefum þeim hugmynd um landið sem er eyland, um þjóðina og kynstofninn sem byggir þetta land og á það, og við sýnum þeim himin þessa heims. Við gerum það með því að horfa héðan, ekki með því að hverfa héðan. Á himni er sól að sjá, og tungl, og albjartur er dagurinn, og því betur sem hann er mér bjartur eða þér því betur nýtur draumþeginn á hinum hnettinum þess sem við njótum. — Þegar kvöldar koma stjörnur í ljós. Við sýnum þeim hvernig Karlsvagninn er, hvernig Órion er hér, hvernig Svanurinn og Tvíburarnir eru hér, og munum um leið eftir snúningi jarðarinnar. Við segjum þeim í huganum um leið, hvernig ástatt er hér, og gerum það í mildum þöglum blæ, án allra ýfinga. Í einveru og kyrrð segjum við þeim þetta, því að það er frá huga til huga. Hér erum við, á þessu svæði geimsins, og þetta eru stjörnu-miðin okkar sem við höfum hér fyrir augum. Takið eftir þeim, og þá getið þið ef til vill fundið, hvaða stjarna á himni ykkar er sólin á himni okkar. Takist ykkur það, eflist sambandið, og rás viðburðanna tekur betri stefnu. Það eflir sambönd ykkar að vita það í heimi sjónar ykkar og vöku, hvar þeir eru þessir ámótar ykkar á frumstigi, sem auðveldast eiga með að veita ykkur sofandi þáttöku í bestu völkustumundum sínum.

Hér vorum við farin að tala við þá þessa þiggjendur okkar, sem verða munu og þegar eru orðnir. Við þurfum ekki að hafa svo mikil heilabrot um það hvar þeir eru eða hverjir, því að það kemur á daginn skilji þeir eðli drauma, skilja þeir þetta sem hér verður reynt, og um leið og þeir gera sér grein fyrir því að þetta er verið að reyna, vaknar hjá þeim viðleitni til hins sama. Og þá hefst ný framvinda. Tveir hnöttir á frumstigi fara að kallast á, og magna fram þá framvindu sem er hin rétta.

Porsteinn Guðjónsson.

Um stjörnuathuganir

Stjörnur og himintungl hafa löngum haft sitt aðdrátarafl fyrir manninn. Margir hafa undrast þá fugurð, og þann margbreytileika sem gefur að líta þegar horft er til himins á heiðskíru vetrarkvöldi, eftir að aldimmmt er orðið.

Strax í forneskjú var athygli manna farin að beinast að stjarnfræði, t. d. stjörnuspáfræði, og í íslenskum fornritum er nokkrum sinnum minnst á stjörnuathuganir, sem þó hljóta að hafa verið næsta ófullkomnar, miðað við þann mælikvarða sem við notum nú til dags.

Á seinni oldum, og nokkuð fram yfir síðustu aldamót, hefur trúlega verið lítið um áhugamannaathuganir á himinhvolfinu, en þar gæti hafa valdið nokkru um, a. m. k. hér á landi, sú gamla hjátrú, að varanlegt heilsutjón hlytist af því að horfa á stjörnurnar langtínum saman, en sú skoðun kann að hafa átt upptök sín í þeiri sannfæringu gamla tímans, að athugandinn ætti frekar að sinna einhverju þarflegra verki en glápa upp í loftið.

Með smíði sífellt fullkomnari sjónauka hefur öll athugun á fjarlægum hlutum aukist stórlega, og nú geta allir gert sínar athuganir á kvöldhimninum, því víðast munu til sjónaukar af einhverri gerð.

Nú munu nokkrir stjörnusjónaukar vera til í einkaeign hér á landi. Ósvikinn sjörnusjónauki sýnir allt á hvolfi, og er þess vegna ekki hentugur til skoðunar á jörðu niðri, en þetta er gert til þess að losna við þær linsur sem snúa myndinni rétt, en með þessari einföldun fæst skýrari mynd.

Almennir stjörnusjónaukar geta stækkað allt upp í 1000 sinnum, en stækkun yfir 400 sinnum er þó ekki raunhæf, vegna þess, að þá fer að gæta mikilla truflana frá lofthjúpi jarðarinnar, svo sem uppstreymi og ókyrrleika. Einnig má geta þess, að því meiri sem stækkunin verður, því minni verður sá myndflötur sem sést í sjónaukanum. Til dæmis nær sjónauki með 400 sinnum stækkun aðeins yfir $\frac{1}{4}$ af fullu tungli, og þar sem hraði þess er um 1020 metrar á sek., er það furðu fljótt að koma sér úr sjónmáli.

En jafnvel venjulegir ferðasjónaukar gera ótrúlega mikið gagn. Sjónauka af stærðinni 7x30 má vel nota, og sjónaukar af stærðinni 10x50 eru prýðisgöðir.

Pess má geta, að þegar talað er um stærð sjónauka, t. d. 10x50, táknað fyrri talan stækkunina, en sú síðari ljósmagn, og þá um leið stærð sjónhringsins.

Pegar gengið er út að kvöldi, til, og litið til lofts, þarf augað um 20—30 mínútur til að venjast myrkrinu, og þá fyrst má fara að njóta þess sem fyrir augu ber.

Flestum mun það sameiginlegt að bera fyrst sjónauka að tunglinu, enda er það lang mest áberandi á himni. Ef skoða á gígmyndanir tunglsins, er best að það sé annað hvort vaxandi eða minnkanzi, því gígarnir sjást best á mörkum ljóss og skugga, þegar sólarljósið fellur nær lárétt á þá.

Skemmtilegt er að fylgjast með stjörnumyrkvum, en það er þegar tungl gengur fyrir stjörnu, og hylur hana um tíma. Má þá bæði sjá þegar stjarnan hverfur bak við tunglið, og eins þegar hún kemur fram undan því aftur. Nákvæmar töflur um stjörnumyrkva er að finna í Íslandsalmanakinu, ásamt þeim upplýsingum sem þarf.

Pegar skoða skal stjörnuhimininn er betra að tungl sé ekki á lofti, því birta þess hefur hindrandi áhrif.

Skemmtilegt og um leið nauðsynlegt er að þekkja nokkur helstu stjörnumerki, en til að svo megi verða þarf að hafa lítið stjörnukort. Þau má finna í ýmsum bókum, sem út hafa komið hér á landi, og einnig má afla sér þeirra erlendis frá.

Fullkomnast þeirra mun vera Norton's Star Atlas, en þar er að finna um 8000 stjörnur.

Í nokkrum stjörnumerkjum gefur að líta stjörnuþokur, og má þar nefna Andromeduþokuna stóru, sem sést með berum augum, og einnig þyrilþokuna M 42 í stjörnumerkinu Óríón, en hún er miðstjarnan í sverði Óríóns. Flestir munu þekkja Óríón, eða að minnsta kosti Fjósakonurnar alkunnu, sem líka eru nefndar belti Óríóns. Stjörnuþokan í Óríón er vart sýnileg með berum augum, en sést allvel í ferðasjónauka, og er hið skemmtilegasta athugunarefni.

Yfirleitt eru nokkrar af reikistjörnunum sýnilegar, en þær hafa allar sín séreinkenni. Mars er auðþekktur af rauða litnum, enda nefndur Rauða plánetan. Venus hefur kvartilaskipti eins og tunglið, og Satúrnus er auðkenndur af hinum frægu hringum sínum, sem sjást allvel í ferðasjónauka, og ef sjónaukinn er góður, og heppnin með, má sjá stærsta fylgihnött hans, Títan, sem lítinn titrandi depil skammt frá honum.

Tröllið Júpíter er þó hin forvitnilegasta af reikistjörnunum. Kring um hann má sjá í ferðasjónauka 3—4 stærstu tungl hans, og er afstaða þeirra mjög breytileg frá degi til dags. Dæmi munu til þess, að menn af frumstæðum þjóðflokkum hafi séð tungl Júpíters með

berum augum, enda væri það almennt hægt ef birta hans kæmi ekki í veg fyrir það.

Júpíter hefur ekki sést undanfarin ár, svo heitið geti, en er nú að koma í sífellt hagstæðari afstöðu, seinni hluta vetrar, og þó sérstaklega næsta haust.

Norðurljósin alþekktu eru mjög forvitnileg til athugunar, þó að þau heyri ekki stjörnuhimninum til. Þýðingarlaust er að horfa á þau í sjónauka. Norðurljósin skiptast í marga flokka, og ótal afbrigði, svo sem boga, bönd, geisla, krónur og fleira, og hefur hvert afbrigði sitt sérstaka háttarlag. Auk þess er um nokkra liti að ræða, svo sem blátt, rauft og gulgrænt, og sá sem sér eldrauð ægibjört norðurljós leika listir sínar um himininn gleymir seitn þeirri áhrifamiklu sjón.

Margir hafa séð halastjörnuna Kohoutek, sem var á ferð um síðustu áramót, þó ekki væri hún slíkt sjónarspil sem gert hafði verið ráð fyrir. Nokkrar halastjörnur eru á ferð á hverju ári, en flestar svo daufar að ekki þykir ástæða til að vekja almenna athygli á þeim.

Stundum geta þó þannig halastjörnur orðið vel sýnilegar, og er skemmt að minnast þess þegar Ikeya-Seki halastjarnan var hér á ferð fyrir nokkrum árum. Vildi þá svo skemmtilega til hér á landi, að það var bóndi í uppsveitum Árnессýslu, sem fyrstur manna varð hennar var um hánótt. Þetta varð til þess, að athygli var vakín á henni í fjölmöglum, enda var hún stórum áhrifameiri sjón en sá margumræddi Kohoutek. Sýnir atvik þetta glöggt að áhugamenn geta enn fundið óvænta og nýstárlega hluti á himni, ef heppnin er með, og mætti verða mörgum hvatning til að kynna sér það sem stjörnuhimininn hefur að geyma, því svo síbreytilegt er það sem fyrir augu ber, ef einhver bregður sér út um stund á heiðskírri vetrarnótt, og hefur með sér sjónaukann sinn, og beinir honum til lofts.

Garðar Olgeirsson.

Um lögmál lífsíns og alheimsíns

Við brjótum lögmál lífsins, er við rjúfum þá ævibraut, sem hverjum einstaklingi er ætlað að ganga, hvort sem það er dýr eða maður. Frá náttúrunnar hendi er hverjum einstaklingi jarðar okkar ætlað að renna sitt æviskeið á enda, og öðlast hér þann þroska, sem þessi jörð getur veitt, áður en flust er til annarar jarðar. Ef við verðum til að stytta æviskeið dýrs eða manns, mun það sennilega valda þeim einstaklingi er fyrir verður, óþægindum og hefta nokkuð eðlilegan þroska hans, fyrst eftir að hann kemur fram á annarri jörð. Með því að rjúfa þannig ævibraut einstaklingsins, áður en eðlilegri ævilengd hefur verið náð, brjótum við því lögmál lífsins, sem er alheims lögmál. Ef þessi stytting lífs er aðeins gerð af illri nauðsyn, t.d. til þess að afla sér viðurväris, er líklegt, að sá, sem verkið fremur, þurfi ekki svo mjög að gjalda þessa verknaðar, eftir að hann flyst á aðra jörð. Þessi verknaður hefur þá ekki svo mjög haft spillandi áhrif á útgeislan hans til framlifaflsvæðis hans á öðrum hnetti. Ef maður aftur á móti dreppur eða kvelur dýr (eða mann) sjálfum sér til ánægju, má telja víst, að geislan hans til framlífsheimkynna hans á öðrum hnetti spillist mjög og verði til þess, að hún beinist til einhvers laka afslsvæðis á öðrum hnetti, svo að hann komi þar fram, er ævi hans lýkur hér á jörð, og geri honum þannig erfiðara en ella mundi, að komast á framfaraleið.

Menn skapa sér því sjálfir örlög sín í framhaldslifi, með breytni sinni hér og innræti.

Alheimsnáttúrulögmál eru það, sem hér eru að verki. Að brjóta þau vitandi vits, eða sér til ánægju, hlýtur að leiða til óæskilegrar framtíðar. Að breyta og hugsa í samræmi við þau, mun skapa hverjum einum góða framtíð.

Ingvar Agnarsson

Hugleiðingar um trú, heimspeki og vísindi

Hér er aðeins um að ræða almennt spjall um trú og vitneskju.

Hvort sem menn viðurkenna það eða ekki, munu allir velta því fyrir sér fyrr eða síðar, hvað við muni taka eftir dauðann og er enginn efi á því, að a. m. k. flestir óttast þá tortímingu líkamans sem við blasir. Því þetta eitt eiga allir menn fyrir víst: dauðinn mun einhverntíma vitja þeirra — „gröfin móti gapir köld“, og gegn þessu eiga menn engan mótleik. Út frá skynsamlegu“ sjónarmiði aettí dauðinn ekki að vera neitt óttalegt — annað hvort áþekkur djúpum svefni eða áframhaldandi tilvera annars staðar en á okkar plánetu. En það er fleira en „heilbrigð skynsemi“, sem hér er um að ræða — nefnilega óttinn við tortímingu líkamans og jafnvel eigin vitundar. Þessi ótti knýr menn til að hugleiða örlög sín — og oft tekst mönnum að skapa sér þægilega heimsmynd með óskhyggjuna að vopni. Og þá koma trúarbrögðin upp í hugann.

Trúlegt er, að einkum tvö atriði liggi trúarbrögðunum til grundvallar: óskhyggja og meira og minna óljós vitneskja einstakra manna, gæddum sambandshæfileikum, um líf annars staðar en hér á jörðu. En nóg um það.

Lengi framan af voru trúarbrögðin eina hugmyndakerfið, sem veitti mönnum svar við spurningu þeirra um afdrif þeirra eftir dauðann. En þarna fylgdi böggull skammrifi: um leið og trúarbrögðin veittu mönnum órokstuddar upplýsingar um afdrif þeirra eftir dauðann, gerðu þau mönnum erfitt fyrir með að leita rökstudds svars, með því að draga úr tilfinningunni fyrir nauðsyn beinnar vitneskju.

En hvað með heimspekinum? Er hún nær því en trúarbrögðin að veita mönnum svar við áðurnefndu vandamáli? Ýmsir heimspekingar hafa fjallað um þetta atriði og gefið mismunandi svör, en það eru ekki þau, sem fyrst og fremst hafa hér gildi, heldur hin almenna athugun — sem leysir manninn úr andlegum viðjum eldri hugmyndakerfa og eykur mannlega reisn með því að hvetja til sjálfstæðra ályktana á grundvelli beinnar, vitrænnar reynslu. Heimspekin hefur því ekki upp á neitt lausnarorð að bjóða, en ryður því brautina, enda er hún móðir vísindanna.

Og þá eru það vísindin. Ýmislegt hefur orðið til þess að koma

í veg fyrir, að þau séu þegar búin að leysa gátuna um framhaldslífið. Má þar nefna ofstækisfulla (en að mörgu leyti skiljanlega) hræðslu ýmissa vísindamanna við að hugmyndafræði trúarbragð-anna kunni að laumast inn í herbúðir vísindanna. Þannig hafa ýmsir ágætir vísindamenn verið „stimplaðir“ sem kuklarar af starfsbræðrum sínum, er þeir fóru að forvitnast um á „bannsvæðinu“ (þ.e. athuga möguleikann á framhaldslífi) með athugunum á miðlum o.fl. Einnig má segja, að til skamms tíma hafi skort tæki og þekkingu á heppilegum aðferðum til að rannsaka fyrrnefnd atriði.

Hér er því þörf einhverrar nýrrar hugsunar, sem útrýmt getur fyrrnefndri tortryggni vísindamanna, gert trúarbrögðin skiljanlegri og þar með meinlausari í þeirra augum og sameinað hið mikilvægasta í heimspeki og vísindum. Sú hugsun, sem best uppfyllir þessi skilyrði að mínum dómi er kennigar dr. Helga Pjeturss. Hún gerir trúarbrögðin skiljanleg, hvetur til heimspekilegrar hugsunar og bendir á lausnir og rannsóknaraðferðir til að sannprófa þær — þ.e. hefur forsagnargildi — tilgátan stendur og fellur með niðurstöðum ákveðinna rannsókna.

En því hafa vísindamenn þá ekki tekið kennigar dr. Helga betur til athugunar en raun ber vitni um? Par kemur til hið „andlega tregðulögðmál“. Kennigar dr. Helga eru (eða hafa verið) of langt frá hinum „klassísk“ hugsanagangi vísindamanna, til að þeir geti fljótlega og á þægilegan hátt samrýmt þær eigin hugmyndafræði — eða e. t. v. öllu fremur skorti á hugmyndafræði.

En einn aðili hefur unnið kröftuglega að framgangi kenninga dr. Helga: tíminn. Réttmæti kenninga hans kemur æ betur í ljós og alltaf af og til eru vísindamenn (erlendir) að renna vísindalegum stoðum undir kennigar hans, án þess að vita af þeim. Má þar til nefna rannsóknir á hugsambandi, draumum og lífgeislun. Hafa slíkar rannsóknir mjög farið í vöxt, eftir að fyrirburðafræðin hlaut almenna viðurkenningu í háskólum fyrir stuttu síðan. En þetta er ekki nóg. Gera þyrti mikla rannsóknaráætlun, sem beinlínis væri grundvölluð á kenningum dr. Helga — þá væri hægt að afgreiða margar grundvallarsprungar mannsins í eitt skipti fyrir öll. Til þess þarf að verða snögg útbreiðsla á meðal fólks á kenningum dr. Helga, og ekki fæ ég betur séð, en að óvenju byrlega blási í þeim efnum nú um þessar mundir. Það er því e. t. v. ástæða til að líta að einhverju leyti björtum augum til framtíðarinnar, þótt þunglega virðist horfa fyrir mannkyni.

Ólafur Halldórsson.

Samviskan - Sambandsskynjun

Ef við höfum í hyggju að gera eitthvað, sem við þó vitum að við ættum ekki að gera, heyrum við oftast eins og rödd í brjósti okkar, aðvarandi rödd, sem biður okkur að gera þetta ekki. Þetta mun vera það, sem kallað er samviska, og er öruggur leiðarvísir um, hvað sé rétt og rangt. Þessi rödd í brjósti okkar stafar af sambandi við framlíðna vini okkar eða aðrar lengra komnar verur sem vita til okkar og fylgjast með gerðum okkar og hugrenningum. Þótt samband okkar við þessa vini sé yfirleitt dauft og ófullkomíð, tekst þeim þó oft að leiðbeina okkur í rétta átt. Ef við leitumst við að fylgja þessu kalli, þessari rödd í brjósti okkar, mun samband okkar við lengra komna vini okkar yfirleitt haldast, og við geta notið leiðsagnar þeirra og handleiðslu. Því miður rjúfum við oft þetta samband, með því að tala og gera það, sem við vitum, að við ættum ekki að gera. Og þá kemur í ljós, að við heyrum ekki röddina í brjósti okkar: Sambandið hefur rofnað. Og meðan svo er finnum við ekki til samviskunnar. Við höfum þá svæft samviskuna í brjósti okkar. Við getum þá, óareittir af henni, gert hvað sem okkur sýnist. — Síðar kemur svo oftast samviskan fram á ný. Við iðrumst orða okkar og gjörða. Við fáum samviskubit og viljum þá oft reyna að bæta fyrir misgjörðir okkar. Samband hefur þá aftur komist á við hina lengra komnu vini okkar. Við finnum, að við höfum breytt illa gagnvart meðbróður okkar og gagnvart þessum lengra komna vini, sem við höfum haft óljóst hugboð um, að vakir yfir velferð okkar. Við ásetjum okkur að breyta betur framvegis.

Orðið samviska er merkilegt orð, eins og svo mörg orð önnur í máli okkar. Sam-*vitska* = sam-vit, að vera samvita við einhvern annan, vita hið sama og einhver annar. Orðið gefur til kynna samband við einhvern annan, vitneskju, sem fengin er fyrir samband við annan.

Og það er rétt að gera sér grein fyrir því, að þessi annar, sem samviskan stafar frá, er einhver lengra kominn vinur og verndari okkar, sem heima á á öðrum hnetti, þar sem vitið, góðvildin og mátturinn er á miklu hærra stigi, en við þekkjum hér.

Ingvar Agnarsson.

Fyrirbæri

ÚRIÐ SEM HVARF

Það var að morgni sumardagsins fyrsta árið 1972 að ég tók úrið mitt og stillti það rétt eftir útvarpinu og lagði það síðan á borðið við rúmið mitt. Pregar ég skömmu seinna hafði klætt mig hugðist ég taka úrið en þá var það ekki á bórðinu og taldi ég víst að það hefði dottið niður á gólfíð og tók nú að leita, en fann það ekki.

Leitaði ég lengi dags jafnt á líklegum og ólíklegum stöðum, en ekki fann ég úrið og þóttist ég nú sjá að það væri með öllu tapað og næsta dag kevpti ég mér annað úr og hætti þar með allri leit, og smám saman gleymdist þetta atvik. Svo er það einn dag í ágúst þetta sama sumar að ég hafði sem oftar farið að heiman en kom aftur eftir stutta stund. Það fyrsta sem ég veitti eftirtekt þegar ég kem inn er úrið, þar sem það liggur á bórðinu á sama stað og ég hafði lagt það um vorið. Á þessu tímabili frá sumarmálum hafði ég gert hreint og margssinnis tekið til og þó nokkrum sinnum notað saumavél á þessu sama borði, svo það er alveg óhugsandi að úrið hafi verið þar allan tímann og mér sést yfir það, hví enginn annar en ég gekk þarna um.

Margrét Jóhannsdóttir.

Ath.: Hér segir frá merkilegu fyrirbæri. Hlutur hverfur og kemur svo fram löngu seinna á sama stað. Hvaða náttúruöfl eru hér að verki? Eftir nýölskum skilningi er hér um að ræða fyritbrigði, sem kallast hamfarir. Hlutur afefnast á einum stað og kemur fram samtímis á öðrum stað. Í þessu tilviki er líklegt að úrið hafi komið fram annars staðar og verið þar, uns það kom fram aftur á sama staðnum, sem það áður hafði horfið frá. Enginn veit að vísu, hvar úrið hefur verið þann tíma sem það var ekki hér, en alveg má telja vafalaust, að einhvers staðar hafi það verið. Síðan gerist það að úrið afefnast enn á þeim stað og kemur aftur fram hjá konunni, sem áður hafði átt það.

Fyrirbæri sem þessi eru ekki með öllu ókunn, og kunna ýmsir frá slíku að segja. Stundum hverfa hlutir og finnast aftur. Getur þá stundum verið um það að ræða að hlutirnir týnist algjörlega. En einnig er sá möguleiki fyrir hendi að hlutur afefnast og fari hamförum til einhvers annars staðar, þar sem hann getur orðið varanlegur, jafnvel til annars hnattar og orðið einhverjum íbúa þess hnattar til gagns.

I.A.

FINGURBJÖRGIN

Frænka mín, ein sem komin var á efri aldur, sagði mér frá eftirfarandi atviki á þessa leið:

„Ég átti gamla saumavél, sem ég notaði við og við. Að jafnaði hafði ég hana inni í skáp, en tók hana upp á borð, er ég notaði hana. Ég átti fingurbjörg, sem ég notaði við sauma mína, og lagði ég hana venjulega á hægra horn saumavélarinnar, er ég tók hana af mér, milli þess sem ég setti hana á fingur mér, til að nota hana.

Nú er það eitt sinn, er ég ætla að grípa til fingurbjargarinnar, að hún er horfin af horni saumavélarinnar. Taldi ég nú líklegt að ég hefði sett hana niður í ógáti, án þess að verða vör við. Leitaði ég um allt gólfíð og undir rúmi og skápum, en án árangurs. Næstu tvær eða þrjár vikurnar notaði ég saumavélina eitthvað næstum daglega, og létt hana inn í skápinn, sem áður er getið, þess á milli. Mér þótti slæmt að vera án fingurbjargarinnar, en svo varð þó að vera. En eitt sinn, er ég er að sauma á vélina, verður mér lítið á horn hennar þar sem ég venjulega lagði frá mér fingurbjörgina. Og viti menn. Þarna situr hún þá, fingurbjörgin, á horni saumavélarinnar, og varð ég ekki lítið undrandi. En fegin var ég að fá hana aftur.“

Ingvar Agnarsson.

EINKENNILEGT HREYFIFYRIRBÆRI

Ungur maður talaði við mig í síma kl. 22,30 þann 9. des. 1974, og tjáði mér vandræði sín. Því á hann sækir óæskilegt samband með ofskynjunum, eða fjarskygni sem veldur honum hræðslu. Og einnig sækir á hann sterk drykkjulögun.

Hann hefur áður leitað til Nýalssinna vegna þessara vandkvæða, og hefur komið á lækningafund sem borið hefur góðan árangur, svo hann var um tveggja mánaða skeið laus við þessi óþægindi, einkum ofskynjanirnar. Nú bað hann okkur að gera nýja lækningatilraun, og var ákveðið að það skyldi reynt næsta kvöld.

Næsta dag hringdi móðir hans til míni og sagði mér eftirfarandi á þessa leið:

„Pegar sonur minn talaði við þig í gærkvöldi var hann búinn að fá sér drykk og var búinn að blanda sér enn vín í tvö glös, og ætlaði að halda drykkjunni áfram. En hinkraði við, og létt verða af að tala við þig, til þess að biðja ykkur um að leita sér hjálpar. Eftir samtalið við þig, ætlaði hann sér, að hætta við að drekka meira. Glösin með víninu stóðu óhreyfð á borðinu. Við höfðum setið þannig í svo sem stundarfjórðung og talað saman.

Allt í einu rykkтиð bordið til, mjög barkalega. Bæði glösin ultu um koll og vinið úr þeim helstist niður. Og einn fóturinn brotnaði undan borðinu. Petta gerðist án þess að við snertum bordið. Okkur brá ekki lítið.

Ég sagði við son minn: Þetta mun standa í sambandi við Nýalssinna, og vera merki um það að þú átt ekki að drekka.

Nokkru seinna fór hann út og hitti þá einhverja kunningja og þeir fóru að drekka saman.“

Þetta er frásögn konunnar um allathyglisvert fyrirbrigði og aðstæður í sambandi við það.

Fyrirbrigði gerast stundum og við ýmsar aðstæður. Oft standa þau í sambandi við ákveðna menn sem virðast vera farvegur orku, svo að fyrirbrigði geti gerst. Stundum komast frásagnir af fyrirbærum í hámæli, og mætti nefna hreyfifyrribærin á Saurum á Skagaströnd fyrir nokkrum árum, sem dæmi um slíkt.

Vegna skilningsleysis fjölmíðla og blaðamanna á þessum málum, var reynt að gera frásagnir af þessum atburðum tortryggilegar og

jafnvel skoplegar, og fólkid sem fyrir þessu varð. Þannig spilltu þeir stórlega allri skilningsviðleitni og komu í veg fyrir að rannsóknir færðu fram á vísindalegan og hlutlausán hátt.

Gagnvart slíkum fyrirbærum verður að beita hinum nýalska skilningi. Hér er um líforku að ræða, sem á rót sína að rekja til samstilltra lifenda á öðrum hnöttum.

Hreyfifyrribæri gerast helst í sambandi við menn með sérstaka hæfileika og er Uri Geller þar eitt frægasta dæmið og hið nýjasta.

Vel mætti hugsa sér að slík fyrirbæri gætu orðið til gagns við réttar aðstæður, því hér er um sterkt orkuaðstreymi að ræða, en gætu hins vegar orðið til tjóns, ef nautsku einni er að mæta og skilningsskorti samtíðarmanna.

*Ingvar Agnarsson,
9. desember 1974.*

Draumar

DRAUMUR UM FLUGVÉL OG BJÖRGUN HENNAR

I.

Mig dreymdi að ég kom fljúgandi í litilli flugvél, og ég stjórn-aði henni sjálfur. Ég var einn á ferð. Ég ætlaði að lenda hjá þorpi einu úti í sveit. Ég flaug nokkra hringi yfir svæðinu og fann svo sléttan blett í lægð nokkurri. Þarna lenti ég. Síðan fór ég inn í þorpið og lauk erindum mínum. (Sá hluti draums-ins er ekki skýr). En er ég kom aftur var flugvélín umflotin vatni. Hjólin, sem hún sat á, voru í kafi og vatn flaut yfir flugmannssætið. Ég athugaði vel allar aðstæður, og jafnframt tók ég allvel eftir útliti og gerð flugvélarinnar. Hún var miklu minni, en nokkur flugvél, sem ég hef í vöku séð, en lögunin svipuð og er á litlum einhreyfla flugvélum.

Nú voru góð ráð dýr. Hverníg átti ég að ná flugvélinni upp úr vatninu. Purrt land var nokkra metra fyrir framan hana. Fjölmög börn voru þarna nálægt mér. Ég þóttist hafa á mér talsvert af sælgæti, og nú tók ég það, og gaf hverju barni vænan bita. Þetta var líkt og súkkulaðistykki. Börnin urðu mjög glöð, að mér þótti. Og nú fann ég í mér kraft nokkurn, svo að mér fannst, að ég gæti svifið. Og ég hóf mig upp og sveif yfir barnahópinn, síðan út yfir vatnið og umhverfis flug-vélina. Ég sveif fram og aftur og í margra sveiga. Ég fann fyrir eins og aðstreymi orku frá börnunum. Ég fann að þau voru vinir mínir. Og ég fann að þau horfðu með aðdáun á þetta svif mitt. Ég sveif yfir flugvélina og athugaði hana enn. Svo fór ég alveg niður að henni, án þess þó að snerta vatnið, og ég náði taki á fremsta hluta hennar, og neytti nú allrar orku. Flugvél-in létt undan átakinu og ég gat dregið hana upp á þurrt land, án þess að ég þyrfti að spryna fótum við jörð. Þetta gekk svo vel að ég undraðist sjálfur. Og nú þótti mér flugvélin vera í

fullu lagi til þess að ég gæti flogið henni aftur. Endaði svo draumurinn.

II.

Þessi draumur er likur ýmsum öðrum svifdraumum að því leiti, að draumgjafinn nýtur aðsendar magnanar til að geta svifið og til að geta beitt meira en sínu eigin afli. Þessi orka hans er svo mikil, að hann getur dregið flugvél sína á þurt land.

Parna er það samband hans við börnin, sem veitir honum þennan aukna styrk. Mér þykir liklegt, að þessi draumgjafi minn viti um lögmál magnanar og samstillingar og þess vegna hafi hann byrjað á að gleðja þau með smágjöfum til þess að þau yrðu honum vinveitt, og gætu stillt hann til sambanda, þaðan sem honum gæti veist aukinn styrkur. Svif hans yfir vatninu í nálægð barnanna hefur einnig miðað að því sama, að auka aðdáun þeirra á honum og samstilla þau, svo að hann mætti, fyrir tilstilli þeirra, öðlast meiri orku, frá lengra komnum sambandsvinum.

Þessi draumur bendir út fyrir jörð okkar. Draumgjafi minn er áreiðanlega íbúi einhverrar annarar jarðstjörnu, þar sem samstilling er miklu meiri en hér, og þar sem menn geta notið mikillar magnanar frá lengra komnum sambandsvinum á enn öðrum stjörnum.

Ingvar Agnarsson

(Dreymt 30. sept. 1974)

GRETTIR ÁSMUNDSSON OG HRINGLAGA FJÖLL Í DRAUMI

Mér þótti ég vera Grettir Ásmundsson. Er það í fyrsta sinn í draumi, sem mér hefur þótt ég vera ákveðin persóna, önnur en ég sjálfur.

Mér þótti ég vera á gangi og stefna til fjalla. Fannst mér ég verða að fara huldu höfði, og ætlaði ég mér að leita skjóls eða einveru inni á öræfum, til að forðast menn.

Fjöll voru framundan, bunguvaxin og ekki mjög há. Er ég kom að fjöllum þessum gekk ég um skarð eitt, og opnaðist þá bráðlega nýtt útsýni og allsérkennilegt. Var það sléttu mikil hringlaga, líklega svo sem fimm til tíu kilómetrar í þvermál. Umhverfis sléttu þessa, voru fjöll á alla vegu, og virtust mynda réttan hring. Ekki voru þau mjög há, kollótt og klettalaus að mestu en mishá. Allt var landslagið ljósbrúnt á lit, bæði sléttan og fjöllin. Minnir landslag þetta mjög á hringlaga fjöll tunglins, sem myndir hafa oft verið birtar af. Einnig gefa nýjustu rannsóknir til kynna, að hringlaga fjöll muni vera á Mars. Má vera að slik fjallamyn dun sé ekki óalgeng á ýmsum hnöttum.

EKKI varð ég var við neinn gróður, þar sem ég gekk um í landslagi þessu. Ég gekk nú inn á sléttuna og eftir nokkurn tíma kom ég að skála nokkrum, þar sem mér þótti vera geymd áhöld og verkfæri einhvers konar. Sá ég nú menn koma gangandi, og þótti mér vissast, að láta lítið á mér bera. Einn þeirra kom í átt til míns, og fannst mér ég ekki þurfa að óttast hann. Tókum við tal saman, og þótti mér strax skapast gagnkvæmt traust okkar á milli.

Þótti mér hann vera í rannsóknarferð, ásamt hinum mönnunum, fram á þessum öræfasvæðum.

Ingvar Agnarsson
(Dreymt 10. janúar 1971)

Sambandsfundir

Miðilsfundur haldinn 12. nóvember 1973.

N.D.: Ég er N.D., komið sael. Á Íslandi í sambandsstöðinni sitjið þið fund. Þar sem svo er, þar er stefnt í rétta átt, og þar er merkileg viðleitni til sambands, sem þarf að takast sem fullkomlegast. Í slíkum stjörnusambandsstöðvum, sem við höfum, þar sem þátttakendur geta skipt hundruðum þúsunda jafnvel, er auðvitað um að ræða mjög furðulega öflug sambond og er það auðvitað þetta, sem þarf að takast hjá ykkur, svo að um verði að ræða stjörnusambandsstöðvar, er kæmest í samjöfnuð við þær, sem hér eru og sem einnig eru á mörgum þeim hnöttum, sem komnir eru á vitstigið nógum vel. Það þyrfti að koma upp fullkominni stjörnusambandsstöð á ykkar landi, þeirri sambandsstöð, er öll þjóðin stæði að, ef vel ætti að vera, og þar þyrfti að vera um alþjóðaráhuga að ræða, í þessu efni. Ég teldi það hina þýðingarmestu byggingu, sem þjóðin gæti staðið að í heild, slika stjörnusambandsstöð, eins og þið munuð auðvitað öll hafa gert ykkur ljósa grein fyrir. Pessar stöðvar eru linar veglegustu og vönduðustu byggingar, þar sem samhugur er um slika sambandsviðleitni við aðrar stjörnur. Ef Íslendingar kæmu sér upp **þjóðarsambandsstöð** við aðrar stjörnur, væru sköpuð þau skilyrði er þyrfti, til þess að guðlegar og æðri lífstöðvar næðu að koma hér til fulls fram guðlegum krafti og áhrifum. Mjög eru margar þær stjörnur, er þá mundu geta náð fullkomnu sambandi við ykkar hnött og hafa hin stórkostlegustu áhrif, og hér mundu koma fram heimsóknir frá slíkum stjörnum. Veit ég nú, að þetta er ekki fyrir hendi á ykkar hnetti ennþá, sá nauðsynlegi samhugur í þessu efni, sem þarf til þess, að slikt kæmist í framkvæmd á Íslandi, það sem ætti þó að verða þjóðinni allri og öllu mannkyni til óumræðilegra mikilla heilla og farsældar. Sá mikli sigur lístefnunnar, sem við það tækist, hér á jörð, hefði við-

tækari afleiðingar, en aðeins á ykkar hnetti. Það er því ekki litið í húfi, að þetta fái sigrað. Sambandshugsunin og sambandsskilningurinn er undirstaða og grundvöllur framfara, öllu öðru fremur. Nógu lengi hefur mannkynið verið óhamingju-samt og nógu lengi hefur helstefnan ráðið atburðarásinni, sem kunnugt er. Og þeim hörmungum, er urðu af þeirri röngu stefnu yrði því aðeins lokið, að æðri lífstefna megnaði, að koma sínum áhrifum fram á ykkar jörð nægilega. Á þetta er því svo mikil áhersla lögð, að þetta sigri í ykkar starfi. Ykkur hefur nú reyndar oft verið sagt þetta, og þið hafið ef til vill fundið, að þetta hafa ekki aðeins verið orðin tóm. Þetta eru engir staðlausir stafir, sem hér er verið að tala um. Það er þekkingin ein, sem getur bjargað mannkyni jarðar og hafið það upp úr helstefnunni. Þessi þekking, sem mannkynið skortir, er þó hin eina sem bjargað getur og vonandi er, að hún fái þá viðurkenningu, sem hún á skilið.

(Spurning: Eru margir hnettir á svipuðu stigi og okkar jörð?)

Þetta er ekkert einstakt með ykkar jörð. Á mörgum hnöttum er helstefnan enn skæðari, en á ykkar jörð og ekki er hægt hægt að bjarga, fyrr en hinn bjargandi sannleikur kemur fram, eins og er nú að koma fram á ykkar hnetti. Þeir skipta þúsundum, hinir illu helstefnuhnnettir í ykkar vetrarbraut og öðrum. Verður að skilja þetta allt í stórum dráttum og tengja þetta allt saman. Þróun lífsins í alheimi er meiri og minni samstefna. Á mörgum hnöttum er hún upp á við og á mörgum hnöttum er hún niður á við. Hér er um hinar tvær stefnur lífsins að ræða, rangstefnu og réttstefnu. Helgi lagði áherslu á hinrar tvær stefnur verðandinnar. Helstefnan hefur ráðið of miklu á ykkar hnetti, en þessu mætti breyta. Áhrif frá hinum æðri lífstöðvum munu aukast hér og áhrif frá ykkar starfsemi gætu vaxið. Þetta gæti ráðið úrslitum um, hver þróunin yrði, hvort þetta tekst hjá ykkur, að koma þekkingunni áleiðis, svo að fullkomin sambandsskilyrði skapist, eins og þið munuð vel hafa athugað, hvað draumlif ykkar snertir. Þar er allt mannkyn stillir og er þar ekki ævinlega um aeskilegt samband að ræða. Er þar glögg, að stillilögmaið er þýðingarmesta lög-málið, er snertir sambond við aðrar stjörnur.

(Spurning: Væri rétt af okkur að efna til og undirbúa byggingu nýrrar og fullkominnar stjörnusambandsstöðvar?)

Þar verður þjóðin að sameinast um. Það verður að vekja

þjóðina til skilnings á þessu máli. Það er erfitt, en þó er vonandi að komi skriður á þetta mál. Það verður að kynna málið betur, svo að skriður geti komist á málið. Árangurinn mun koma fyrr eða síðar, ef reynt er og ekki slegið slöku við. Það verður að taka þetta mál föstum tökum. Með réttum starfs-aðferðum er hægt að færast mikið i fang, svo að sigurvænlegt megi verða. Endurtekningar geta haft mikil áhrif, endurtaka verður fræðsluna og leita nú á með fræðsluna sem mest. Tækifæri bjóðast ekki af sjálfu sér ævinlega, það þarf oft að skapa tækifærin.

Ónefndur Íslendingur: Farinn er ég fyrir svo sem 20 til 30 árum. Fluttist ég þá til hnattar annars sólhverfis í vetrarbrautinni. Svo að ég varð ekki lítið undrandi, er ég komst aftur til meðvitundar og komst að raun um að tilveran var hér ekki utan efnis og stjarna. En þetta halda víst margir, að framliðnir séu á einhverjum sviðum, allsendis efnisvana og lifi þar sem andlegir einstaklingar einungis. Pessi heimskulegi þvættingur leiðréttist nú, þegar komið er á fasta jörð og staðið er á mold og grjóti eins og áður. Ég er langtum sterkari hér, en fyrr. Hið sama sýnist mér um alla þá er ég hef kynnst hér, og þeir hafa sagt mér frá því sama, að munur á afli þeirra sé mikill. Mér varð ekki alveg samstundis fullljóst, hvað ég hafði reynt og hvert ég var kominn. Þó leið ekki löng stund, þar til ég vissi, að ég var ekki á sama hnettimum og ég hafði áður verið. Stuttan tíma þurfti ég að liggja og njóta læknisaðstoðar. Svo gafst mér fljótlega sá kraftur, að ég varð fær um að svifa og fara ferða minna, hvert sem ég vildi. Kraftar mínir tóku fljótlega mjög miklum umskiptum.

(Spurning: Komstu fram úti eða inni?)

Inni komst ég fyrst til meðvitundar, þó aðeins stutta stund. Svo sofnaði ég og svaf talsverðan tíma, þó ekki mjög lengi. Þá var mér veitt ýmisleg fræðsla, og ég naut aðstoðar lækna, og ég fann að ég var ekki neitt sjúkur, en þeir hjálpuðu til að veita mér meiri styrk og laga eitthvað í líkamlegu últífi mínu og tók ég framförum á skjótum tíma. Líkamningar og fyriburðir koma, þegar magnan er komin á nógu hátt stig.

(Spurning: Ert þú staddur í stjörnusambandsstöð?)

Ég er þar, sem svo er kallað. Það er sambandsstöð mikil og stórkostleg og mjög margt fólk, sem er skemmtilegt og vel

innrætt. Stöðin stendur talsvert afsiðis og er töluvert hærri en aðrar byggingar. Á fjalli stendur hún ekki, en uppi í fjallshlið, ekki á tindinum, en þó hátt uppi. Fjölmenn byggð er hér ekki ýkja langt í burtu, þó er það nokkur vegalengd. Þetta er á fögrum stað, þar sem stöðin gnæfir yfir byggðina.

(Spurning: Er mikil samstilling hjá ykkur?)

Án þess að við séum að hnýsast í huga annarra, fáum við oft að vita í huga manna. Sé samstilling fullkomin og góð-vild og skilningur manna á meðal þá veit sérhver i meðvitund annars, það þýðir, að hver einn er þáttakandi í meðvitund hinna og fær um leið sjálfur styrk annars. Með því að hann samstillist fjöldanum, þá eykst honum afl samkvæmt því, margfaldlega, og afslvæði heildarinnar vex því meir, sem samstilling fullkomnast meir.

Til lesenda

Á síðast liðnu ári (1974) var tekinn upp sá háttur í Félagsblaði Nýalssinna að skipta efni þess þannig, að í sumum blöðunum (nr. 37, 39, 42 og 45 [alls 88 bls.]) var efni sem að mestu leiti fjallaði um innanfélagsmál, svo sem fréttir af félagsstarfi, en í öðrum (nr. 38, 40, 41, 43 og 44 [alls 156 bls.]) var reynt að hafa efni, sem nær eingöngu var fræðilegt og heimspekilegt eða sem mest í Nýölskum anda, og voru þau hefti öðrum þræði ætluð til kynningar á málefni meðal almennings í landinu og utan raða félagsbundinna Nýalssinna.

Nú verður sú breyting á, að þessi hluti blaðsins fær sérstakt nafn, „Lífgeislar“, og er ætlaður til almennrar kynningar málefniins meðal landsmanna, ekki síst meðal þeirra sem enn hafa lítt eða ekki kynnt sér þessi mál.

Félag Nýalssinna vonast eftir, að takast megi að gera tímaritið *Lífgeislar* svo úr garði, bæði hvað snertir útlit þess og efni, að það megi ná til sem flestra landsmanna, og vekja áhuga þeirra á, að kynna sér sem best hinn nýalska skilning á sambandi lífsins í alheimi og hver nauðsyn okkur jarðarbúum er á, að verða þar virkari þátttakendur, en enn hefur getað orðið.

Nýalsrit dr. Helga Pjeturss, sem komu út á árunum 1929—1947, eru sú undirstaða, sem Félag Nýalssinna byggir á starfsemi sína. Markmið félagsins er að afla kennungum Nýals viðurkenningar og vinna að framgangi þessa málefnis. Hefur félagið leitast við, að kynna málefnið meðal almennings með ýmsum hætti: Með útgáfu „Íslenskrar stefnu“ (á árunum 1951 til 1963), með útgáfu félagsblaðsins frá upphafi félagsins til þessa dags, með tímaritinu „Miðgarður“, með útgáfu bókarinnar „Líf er á öðrum stjörnum“, sem kom út 1974, (og hefur inni að halda grundvallaratriðin í kenningu dr. Helga Pjeturss, tengt því, sem áunnist hefur í vísindum á þeim sviðum á síðari árum), með opinberum kynningarfundum

fyrir almenning, með erindum í útvarpi og greinum í dagblöðnum.

Félagið hefur haldið uppi miðilsstarfsemi í mörg undanfarin ár, og reynt þannig að efla lífsambönd við lengra komna vini á öðrum hnöttum annars staðar í heimi.

Félagið vill enn halda í áttina og helst gera betur en áður, ef svo mætti verða. Ótalmög verkefni eru framundan á sviðum nýalsmála, og veltur þar á miklu hvernig á er haldið, og hvernig undirtektir málefnið fær meðal almennings í landinu.

Nýalssinnar álíta, að sá skilningur á heimi og lífi sem Nýall boðar, eigi erindi til allra manna, og sé svo nauðsynlegur til farsældar þjóð okkar og mannkyni öllu, að þar liggi allt við. Fullkomnari sambönd en áður verða að geta tekist við lengra komna íbúa annara hnatta, sem svo lengi hafa beðið þess, að sem flestir okkar gætu vitkast svo, að héðan væri stuðnings að vænta til björgunar mannkyni, sem svo óvænlega er nú á vegi statt.

F.h. Félags Nýalssinna
Ingvar Agnarsson.

Lífgeislar

Útgefandi: Félag Nýalssinna

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765. Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður: Ingvar Agnarsson.

EFNISYFIRLIT

ANDROMEDUPOKAN (Sjá forsíðumynd) I.A.	Bls. 1
LÍFGEISLAR. I.A.	— 3
ERINDI:	
Helstefna í listum I.A.	— 5
Fuglar og fjarhrif Ó.H.	— 9
GREINAR:	
Skilningur á þróun lífsins. P.J.	— 12
Að senda skeytti. P.G.	— 14
Um stjörnuathuganir. G.O.	— 16
Um lögmál lífs og alheims. I.A.	— 19
Hugleiðingar um trú, heimspeki og vísindi. Ó.H. ...	— 20
Samviskan — Sambandsskynjun. I.A.	— 22
FYRIRBÆRI:	
Úrið sem hvarf. M.J.	— 23
Fingurbjörgin. I.A.	— 24
Einkennilegt hreyfifyrirbæri. I.A.	— 25
DRAUMAR:	
Draumur um flugvél og björgun hennar. I.A.	— 27
Grettir Ásmundsson og hrинглага fjöll. I.A.	— 29
SAMBANDSFUNDIR:	
Úr miðilsfundí 12. nóvember 1973	— 30
N.D.	— 30
Ónefndur Íslendingur	— 32
TIL LESENDA. I.A.	— 34